

Góðan daginn.

Ég tel vandann EKKI liggja í því að auka þurfi tíma í stundaskrá grunnskóla fyrir íslensku og náttúrufræði. Mín reynsla er sú að margir þættir í grunnskólakerfinu eru að valda vanda sem hefur áhrif á gengi nemenda almennt, bæði í námi og í líðan. Nefni sem dæmi nokkra þætti sem mætti skoða og vinna betur áður en við förum að breyta fjölda tíma í ákveðnum námsgreinum.

1. Viðhorf til skóla án aðgreiningar er vandamál sem við glímum við. Hugmyndafræðin nær ekki alla jafna að ganga upp vegna margra ólíkra þátta sem erfitt hefur verið að ná utan um, samantekt:
[\(https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2019/09/15/hagraeding_med_omurlegum_afleidingum/\)](https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2019/09/15/hagraeding_med_omurlegum_afleidingum/).
2. Með þessari hugmyndafræði hefur fæðst þriggja laga námsmatskerfi (sem ég hef aldrei skilið eða fengið neina faglega útskýringu á frá Menntamálaráðuneytinu). Nemendur eru metnir eftir því námsmatskerfi sem er í gangi hverju sinni. Í dag eru það bókstafir, áður voru það tölustafir. Síðan var bætt við stjörnumerktu námsmati (ég kynntist því fyrir 12 árum síðan). Ég útskrifast úr KHÍ árið 2004 og þá var þetta stjörnumerktu námsmat ekki til. Stjörnumerktu námsmati (kallast sértækt námsmat) er ætlað að gera greinarmun á þeim nemendum sem stunda nám alfarið í bekk og fylgja Aðalnámskránni samanborið við nemendur sem eru í sérkennslu og hafa einstaklingsnámskrá. Þeir fylgja ekki sínum jafnöldrum í námi. Þeir eru teknir úr bekknum og fara í aðra stofu og vinna alla jafna í námsefni sem er tveimur til þremur bekkjum undir þeim. T.d. nemandi í 7. árgangi vinnur í námsefni sem er ætlað 4. árgangi. Nemendur með stjörnumerkt námsmat fara í meirihluta á starfsbraut á næsta skólástigi. Hvaða forsendur liggja að baki því mati, sem sagt hvaða nemendur stunda nám í sérkennslu og ekki? eru það ákveðnar greiningar sem segja til um það? Hvaða greiningar? Lesblinda, ADHD, málþroskaröskun, þroskaröskun, einhverfa, o.s.frv.? Eða grunur um vanda, snemmtæk íhlutun? Hver á að ákveða það, á hvaða faglegu rökum, að nemandi sé tekinn úr bekk og settur í námsefni t.d. í íslensku og náttúrufræði, sem er ætlað yngri nemanda? Getum við gert betur þar? Getum við látið hæfniviðmiðin stýra og fundið efnið við og verkefni við hæfi nemenda? Ef við gerum það er þá nemandinn metinn eftir þriðja kerfinu, svokölluðu „aðlöguðu námsmati“? Hvað þýðir „aðlagað námsmat“? Höfum við í grunnskólakerfinu sama skilning á því? Ef við erum í skóla án aðgreiningar (skóla fyrir alla), erum við þá ekki með alla í hálfgerðu „aðlöguðu námsmati“, þar sem við mætum öllum á þeim stað sem þeir eru á og þeir geta þá unnið í því efni sem hentar þeim, með þann efnið sem hentar og metið út frá þeim forsendum sem viðkomandi er á? Mín reynsla af þessu þriggja laga námsmati er ekki góð. Ég er grunnskólakennari og hef starfað á framhaldsskólástigi og séð með eigin augum og heyrt upplifun nemenda af því að koma á næsta skólástigi með námsmat sem var aðlagað að þeirra þörfum, yfir í fyrirkomulag sem gerir ekki ráð fyrir slíku. Þá þyngist róðurinn og það verður erfitt fyrir nemendur að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Sem kennari geri ég kröfur til

minna nemenda um að þeir verði á ná ákveðinni færni, hæfni og þekkingu til þess að geta stundað nám á því stigi sem þeir eru á og haldið áfram í stigvaxandi námslegu umhverfi. Þegar kreppir skólinn og nemandinn getur ekki fylgt eftir, bakland nemandans heima fyrir getur ekki fylgt eftir og skólinn hefur ekki fleiri úrræði til að móða úr, hvað gerir hann þá? Jú, hann bregst við með því að lækka staðalinn og koma á móts við nemandann þar sem hann er staddur. Ef við hugsum sem svo að nemandi í 7. árgangi sé að vinna í námsefni fyrir 4. árgang og heldur þannig áfram út skólagöngu sína, þá má álykta sem svo að hann sé með námslega getu á við einmitt 7. árgang þegar hann lýkur grunnskólagöngu sinni. Hann skorar ekki hátt á PISA.

3. Hvernig gerist það í grunnskólakerfinu að við uppgötvum oft í upphafi miðstigs að nemendur eru komnir langt á eftir jafnöldrum sínum í námi? Eða í upphafi efsta stigs? Áleitnar spurningar! Tíð starfsmannavelta? Leiðbeinendur í stað faglærðra kennara? Vantar kannski skýrt verklag um það hvaða þættir/hæfni/þekking það er sem nemandinn á að ná í lok hvers árgangs? Mín reynsla er sú að þennan þátt má bæta, verklagið! Út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla hafa margir grunnskólar sett sér svokölluð skólaviðmið og í þeim kemur skýrt fram hvaða þættir það eru sem nemendur eiga að ná tökum á. Það þykja mér skýr og góð vinnubrögð. Það eru ákveðnar breytingar frá Menntamálastofnun að eiga sér stað, sem mér sem kennara líkar vel við. Þaðan eru að koma verkfæri sem ég get notast við til þess að fylgjast með framvindu nemenda minna. Sem fagmanneskja og sérfræðingur í kennslu þá kann ég að nota þessi tæki, lesa úr þeim niðurstöðum og bregðast við, þannig að árangur náist í námi. Ég get átt meira samtal við sérfræðinga hjá MMS og fengið leiðbeiningar. Ég tek þátt í því þegar þeir óska eftir að heyra frá mér og minni upplifun, hvað er að virka og hvað ekki. Ég fæ samtalið við aðra kennara. Ég er t.d. núna að taka þátt í forprófun á matskvarða í ritun frá MMS. Samræmdu könnunarprófin eru að mæla ákveðna þekkingu og hæfni sem nemendur eiga að kunna skil á. Á síðasta skólaári var kennurum í íslensku boðið á samráðsfund hjá MMS þar sem umræða og endurskoðun á samræmdu könnunarprófi í íslensku átti sér stað. Þar var mjög þörf umræða sem átti sér stað, meðal annars um það að prófin eiga rétt á sér. Við þurfum að hafa matstæki sem mælir hvar við erum stödd! Aftur á móti þurfa þau að vera í takt við þá hæfni sem sóst er eftir í íslensku og við sem kennarar þurfum að standa vörð um þá hæfni sem grunnskólanemendur eiga að kunna skil á íslensku. En hvað gerum við þegar þeirri hæfni er ekki gerð nægjanleg skil af hálfu skólans sem við störfum í? Á MMS að gefa út slíkan gátlista yfir hæfni t.d. í íslensku? Eigum við að hafa einn ríkisgátlista yfir slíkt eða erum við þá að taka fyrir hendurnar á grunnskólum og kennurum? Hvernig koma grunnskólar út í PISA sem hafa skýrt verklag, gátlista yfir þætti sem á að kunna í íslensku og náttúrufræði (skólaviðmið)? Ég hlustaði á frétt fyrir nokkrum árum, það var skólastjóri í skóla á höfuðborgasvæðinu sem sagði frá því að skólinn hefur haldið lestrarkennslu á lofti á yngsta- og miðstig í mörg ár. Þar hafi verið kennslustund/ir á stundatöflu fyrir lestur og nemendum kenndar lestraraðferðir og aðferðir í lesskilningi. Þeim var síðan kennt að þróa þessar aðferðir á þyngri texta jafnt og þétt upp skólagönguna. Í þessum kennslustundum lásu nemendur ýmsa texta úr ólíkum námsgreinum og unnu með þá. Þessi skólastjóri kom fram í viðtali til þess að segja frá því að þeirra skóli kom vel

út úr PISA og vildi þannig leggja jákvætt innlegg í umræðuna. Ég tók þetta til mín og sagði við sjálfan mig: „Þetta ætla ég að prófa þegar ég kenni íslensku aftur“. Ég hef kennt íslensku á miðstigi s.l. tvö ár og er að kenna aðferðir og tækni í lestri og lesskilningi sem hafa leitt til árangurs, bæði í lesfimi og í lesskilningi (Orðarún). Ég fékk ekki að halda áfram að kenna bekknum sem ég hef kennt s.l. tvö ár. Ég hefði gjarnan viljað halda áfram með mína vinnu þar og mæla þann árangur sem myndi hljóttast af áframhaldandi vinnu í þessum anda og sjá niðurstöður á samræmdu könnunarprófi á efsta stigi í bekknum út frá þeirri vinnu. Ég tel að vandinn liggi meðal annars í því að það sé skipt um kennara á milli bekkja, í stað þess að kennarar fylgi bekk áfram (t.d. kenni frá 1. bekk og upp í 4. bekk og fari svo aftur í 1. bekk og endurtaki leikinn).

4. Það sem mig vantar sem kennara er að hafa meiri tíma sem umsjónarkennari til þess að halda utan um nám minna nemenda, þannig að ég geti sett markmið með nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra, til árangurs í námi. Ég þarf meiri tíma til þess að vinna greinandi vinnu með hvern og einn, gera áætlun með hverjum og einum um bætingu, og síðan tíma til þess að kenna eftir því og mæla árangurinn af því sem ég (eða aðrir fagkennarar hafa lagt inn) og í framhaldinu bregðast við. Ígrunda og finna lausnir þar sem vantar upp á. Ég þarf líka sem umsjónarkennari að fá að halda áfram með þann bekk og/eða árgang sem ég er að vinna í. Það gagnast ósköp lítið að vera að taka við nýjum bekk á hverju hausti og byrja á upphafsstað, sérstaklega þar sem samfella hefur ekki verið skýr og ég þarf að taka stöðuna á hverju hausti. Það er auðvitað eitthvað alrangt við slíkt kerfi. Mig langar sem kennari, fagmanneskja og sérfræðingur í kennslu að halda áfram með sama bekkinn og fylgja málefnum, markmiðum og þróun nemenda eftir. Ég tel að með slíkri vinnu náist meiri árangur í námi.
5. Hæfni stjórnenda í grunnskólum þarf að skoða. Það er mjög erfitt að vinna í grunnskóla undir stjórn einstaklinga sem hafa ekki faglega skólasýn og ekki nám í stjórnun. Skólastjóri er faglegur leiðtogi. Það er hans að varða leiðina!

Ég er aðeins að stikla á stóru hér, það eru fleiri þættir sem þarf að skoða og ég tek undir með mörgum sem hafa skilað inn álitni hér, eins og með fjölbreyttari kennsluáferðir (ég hef starfað í nokkrum grunnskólum og þurft að berjast fyrir samþættingu námsgreina og mætt skilningsleysi af hálfu stjórnenda fyrir því að þurfa fleiri samliggjandi kennslustundir til þess að ná meiri dýpt í kennsluna, meiri gæðum). Ein 40 mín kennslustund nær ansi skammt þegar á að kynna aðferð eða tækni og síðan prófa hana í aðstæðum. Ein 40 mín kennslustund í gagnvirkum lestri er ekki nóg til þess að nemendur nái að klára ferlið á einum stuttum texta. Ef eitthvað er, að mínu mati, þá þurfa kennarar meira svigrúm til þess að samþætta námsgreinar meira og vinna saman, þannig að nám nemandans verði merkingabærra fyrir hann sjálfan, en ekki eins og margskipt hólf þar sem hoppað er úr einu í annað á 40 mínútna fresti.

Eins með tilfinningalega vellíðan nemenda. Nemandi sem kemur í skólann og líður illa, kann ekki á sínar tilfinningar og fær þeim ekki útrás, hann á mjög erfitt með að einbeita sér að námi og ná árangri í því. Eins og Aðalnámskrá grunnskóla er sett upp núna þá fær þessi þáttur mikið vægi í samfélagsfræði, sem er gott! En ég velti því fyrir hversu

markvisst er unnið í því í grunnskólakerfinu? Ungu fólki virðist líða verr nú en áður. Hvað veldur því? Ég legg mikla áherslu á tilfinningalega vellíðan í kennslu og þegar kemur að þessum þætti þá finnst mér skipta gríðarlega miklu máli að ég kynnist nemendum mínum í gegnum námið og þannig vinna mér inn traust þeirra. Ég þarf að vita hvað er í gangi til þess að geta leyst úr því og komið málum áfram í farveg innan skólans, t.d. til námsráðgjafa. Á unglingsstigi þegar ég kenni aðeins bekknum mínum eitt fag og ekki er gerð krafa um að kennarar sem koma að bekknum hittist vikulega og fari yfir stöðu mála, þá hef ekki yfirsýn yfir námslega stöðu nemenda minna og þar af leiðandi erfitt að greina og setja markmið. Þegar ég kenndi á unglingsstigi (7.-10. bekk) mitt fag, þá kenndi ég á bilinu 160-180 nemendum á hverju skólaári. Ég átti mjög erfitt með að halda utan um námslega stöðu hvers og eins. Að mínu mati ógjörningur að ætla kennara að setja markmið og vinna með hverjum nemanda í slíkum aðstæðum. Jú þá kemur umsjónarkennarinn inn, en þá verður að vera skipulagt samstarf og allir hjálpast að og bera ábyrgð (skólastjórnendur þurfa að bera ábyrgð á því að allir kennarar taki þátt í slíku samstarfi og gefa tíma til þess). Slíkt samstarf verður afar erfitt þegar hluti kennarahópsins er farinn heim strax eftir kennslu.

Núna kenni ég á miðstigi. Ég kenni aðeins einum árgangi. Ég þarf aðeins að halda utan um námslega stöðu 21 nemanda. Mér gengur miklu betur að vinna með afmarkaða þætti, gera greinandi vinnu, setja markmið og fleira. Eins og ég kom aðeins inn á í þessari greinargerð minni, þá myndi ég vilja meira tíma sem umsjónarkennari, þ.e.a.s. kenna færri tíma og hafa meiri tíma til þess að vinna með nemendum og foreldrum í þverfaglegu samstarfi við þá sérfræðinga sem koma að barninu.

Ég tel ekki að fleiri tímar í íslensku og náttúrufræði leysi okkar vanda þegar kemur að niðurstöðum PISA. Alls ekki á kostnað valgreina, né list- og verkgreina. Tek undir með kennurum og öðrum hér, það hallar of mikið á vægi þeirra greina nú þegar. Okkur vantar skapandi einstaklinga út í samfélagið okkar, sem geta jafnvel skapað nýjar atvinnugreinar í framtíðinni. Aftur á móti þá segja niðurstöðurnar klárlega að við þurfum að bregðast við. Við getum ekki litið framhjá því. Ég myndi vilja sjá að það yrði gerð einhvers konar úttekt á grunnskólakerfinu. Mætti t.d. skoða þær niðurstöður sem hafa komið úr Ytra mati frá MMS og skoða hvaða þættir það eru sem skora lágt og þarf að bæta úr? Er samnefni þar á milli skóla t.d. eftir svæðum?

Mín skoðun er sú að vandinn liggur í samfélaginu okkar sem heild og í skólakerfinu sem heild. Er grunnskólakerfið okkar mesti þroskaþjófurinn? Ég hef spurt mig þeirrar spurningar margoft síðstu ár, sérstaklega þegar ég er í aðstæðum þar sem ég geri kröfur til foreldra/forráðamanna og nemenda, og fæ þau svör að viðkomandi geti ekki staðist undir þeim væntingum sem eru gerðar. Án þess þó að láta reyna á það fyrst. Við höfum ólíkar leiðir til þess að bregðast við og leysa úr þeim málum sem koma upp.

Mig langar frekar að einblína á skólakerfið sjálft og skoða það. Mig langar að þetta samtal, um hvað er hægt að gera, komi neðan frá og upp. Vorið 2019 sendi ég Mennta- og menningarmálaráðuneytinu tilkynningu um það að einkunnum nemenda minna var breytt af starfandi skólastjóra í skólanum sem ég starfaði í. Ég hafði unnið faglega að matinu, bæði á miðstigi og í 10. bekk, en mér var tjáð að þetta liti illa út fyrir skólann og

ég beðin um að hækka einkunnir einstakra nemenda. Ég neitaði þar sem engin fagleg sjónarmið lágu að baki, þrátt fyrir það var þessum einkunnum breytt. Sú breyting hefur haft afleiðingar fyrir nemendurnar í framhaldinu. Ég fékk aldrei nein svör frá ráðuneytinu vegna málsins. Hvar er samtalið á milli okkar sem eru á gólfinu og þeirra sem stjórna? Hvernig á ég að koma því á framfæri sem betur má fara, ef það er enginn vettvangur fyrir kennara að koma að samtalinu? Hvar á ég að koma því á framfæri sem er að ganga vel? Ég vona svo innilega að þessi samráðsgátt verði til þess að opna augu ráðherra fyrir þeim áskorunum sem eru í grunnskólakerfinu! Það þarf sýn fleiri en færri í þessu samhengi. Vinsamlegast enga skyndilausn takk! Göngum fram með skynsamlegri stefnumótun til lengri tíma í grunnskólakerfinu sem leiðir til árangurs þegar fram líða stundir.

Virðingafyllst,

Jóhanna Helgadóttir

Grunnskólakennari, mannauðsráðgjafi og verkefnastjóri